



# Skýrsla um sjálfsmat

Innra mat í Menntaskólanum að Laugarvatni

2020-2021

*Freyja Rós Haraldsdóttir*

*September 2021*

## Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	3
2. Eftirfylgni við síðustu umbótaáætlun (2019-2020).....	4
3. Rannsóknir og greining 2020.....	5
Vímuefni .....	5
Félagslegir þættir.....	6
Viðhorf og vandi í námi .....	6
Líðan og heilsa.....	7
Svefn og koffínneysla .....	8
Hreyfing.....	9
Hjúkrunarfræðingur.....	10
Covid .....	10
4. Áfangamat haust 2020 og vor 2021.....	11
5. Foreldrakönnun vor 2021 .....	12
6. 3ja ára stúdentar og 5 ára stúdentar vor 2021 .....	13
5 ára stúdentar vor 2021.....	13
3ja ára stúdentar vor 2021 .....	16
Námsskrá – mat 3ja ára stúdenta .....	18
7. Umbótaáætlun vegna innra mats 2020-2021.....	19



## Töflur og myndir

1 Áætlun um sjálfsmat fyrir veturinn 2020-2021 .....	3
2 Ungt fólk - námið tilgangslaust .....	6
3 Ungt fólk - leggja rækt við námið .....	7
4 Ungt fólk 2020 - líðan og heilsa .....	7
5 Ungt fólk - svefn .....	8
6 Ungt fólk - hreyfing .....	9
7 Ungt fólk - hjúkrunarfræðingur .....	10
8 Niðurstöður áfangamats haust 2019-vor 2021 .....	11
9 Foreldrar leggja mat á gæði kennslu 2015 og 2021 .....	12
10 Foreldrakönnun - maturinn í mötuneytinu .....	12
11 5 ára stúdentar - dvölin í heild .....	14
12 5 ára stúdentar - undirbúningur fyrir frekara nám .....	15
13 5 ára stúdentar - einkunnir .....	15
14 3ja ára stúdentar - dvölin í heild .....	16
15 3ja ára stúdentar - undirbúningur fyrir frekara nám .....	17
16 3ja ára stúdentar - einkunnir .....	17
17 3ja ára stúdentar - námsferill 1. og 2. bekkjar .....	18
18 3ja ára stúdentar - valgreinar .....	18

## 1. Inngangur

Sjálfsmatsnefnd annast innra mat skólans. Sjálfsmatsnefnd starfar samkvæmt reglugerð og vinnur eftir sjálfsmatsáætlun. Nefndin útfærir og leggur fyrir kannanir meðal nemenda, útskrifaðra stúdenta, foreldra og starfsfólks. Sjálfsmatsnefnd ML fundaði fjórum sinnum veturinn 2020-2021 og hafði þess á milli samskipti í tölvupósti og á Teams. Í nefndinni sátu:

- Freyja Rós Haraldsdóttir, verkefnastjóri gæðamála/formaður
- Elín Jóna Traustadóttir, verkefnastjóri upplýsingatækni
- Sigurður Pétursson, fltr. kennara
- Erla Þorsteinsdóttir fltr. annars starfsfólks
- Margrét María Ágústsdóttir fltr. nemenda
- Þröstur Fannar Georgsson fltr. nemenda
- Sveinn Kristján Rúnarsson, fltr. foreldra

Til stóð að leggja eftirfarandi kannanir fyrir:

2020-2021	
<b>Haust 2020</b>	<p><b>Nemendur:</b> Ungt fólk - rannsóknir og greining</p> <p><b>Nemendur:</b> Áfangamat</p>
<b>Vor 2021</b>	<p><b>Foreldrar:</b> Könnun meðal foreldra</p> <p><u>Útskrifaðir</u> - út af endurskoðun námskrár (3ja ára, 2018)</p> <p><b>Útskrifaðir nemendur:</b> Könnun meðal 5 ára stúdenta (2016)</p> <p><b>Nemendur:</b> Áfangamat</p> <p><b>Starfsfólk:</b> Stofnun ársins</p>

### 1 Áætlun um sjálfsmat fyrir veturinn 2020-2021

Í þessari skýrslu er greining á niðurstöðum og umræður um kannanirnar sem framkvæmdar voru á liðnu skólaári. Lítillega er fjallað um könnun meðal foreldra en sérstök skýrsla verður unnin um hana nú á haustmánuðum. Könnunin *Stofnun ársins* var ekki lögð fyrir af Sameyki og því varð ekki af henni.

## 2. Eftirfylgni við síðustu umbótaáætlun (2019-2020)

Í vetur var unnið að því að fylgja settum markmiðum og aðgerðum úr umbótaætluninni eftir veturinn 2019-2020. Aðgerðirnar miðuðu að því að bæta **líðan** (einelti, áreitni og ofbeldi) og **námsumhverfi** (samsömun við nemendahópinn; stuðningur kennara við nemendur).

1. Umsjónarkennari hvers bekkjar [kynni áætlun um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi](#) í umsjónartímum. Sett í gátlista.
2. Fræðsla fagaðila fyrir nemendur [um einelti/góð samskipti]. A.m.k. fyrir fyrsta árið. Í samráði við lífsleiknikennara eða skipulagt á sal fyrir alla nemendur.
3. **Námskeið – fyrir allt starfsfólk. Auka m.a. meðvitund um fagræð eineltismála.**
4. Endurskoða námskrá í lífsleikni þannig að kennsla í félags- og tilfinningafærni verði eflað. Leggja til að þeirri kennslu fylgi eitthvað sem verður sýnilegt fyrir allan skólann.
5. Rýnihópaviðtal og umræður á póstlista kennara [um stuðning kennara við nemendur].
6. Setja fram viðmið [um stuðning kennara við nemendur] fyrir kennara og nemendur til að vinna eftir. Kynning á kennarafundi og í umsjónartímum.

Fimm af sex aðgerðum hafa verið framkvæmdar en námskeið fyrir allt starfsfólk um EKKO málin (einelti, kynbundna áreitni, kynferðislega áreitni og ofbeldi) ætti að verða að veruleika í vetur. Samstarf er hafið við Hrefnu Hugsdóttur og ráðgjafarstofuna Auðnast um endurskoðun verkferla og ráðgjöf við reglubundna fræðslu fyrir starfsfólk og nemendur. Hrefna kom með fræðslu í ML í vor fyrir nemendur á 1. og 2. ári. Foreldrafélagið FOMEL greiddi fyrir fræðsluna.

Framhaldsskólalámsinn verður aftur lagður fyrir í ML í haust 2021 og í sjálfsmatsskýrslu fyrir líðandi skólaár mun gefast tækifæri til að meta árangur út frá þeim markmiðum og viðmiðum sem voru sett. Sjá nánar í [umbótaáætluninni](#) sjálfri á vefsíðu skólans.

### 3. Rannsóknir og greining 2020

Menntaskólinn að Laugarvatni tók þátt í Ungt fólk könnuninni á vegum Rannsókna og greiningar. Svarhlutfall í ML var 99,3% þar sem 143 af 144 nemendum skólans tóku þátt. 60 spurningar voru lagðar fyrir varðandi vímuefnaneyslu (reykingar, rafrettur, nikótínþúpar, munn- og neftóbak, ölvun, ólögleg vímuefni, lyfseðilsskyld lyf án lyfseðils), félagslega þætti (viðhorf og vandi í námi, líðan og heilsa) og Covid-tengdar spurningar. Sjálfsmatsnefnd rýndi í skýrsluna sem R&G tók saman fyrir skólann og gæðastjóri kynnti og stýrði umræðum um afmarkaða þætti á öðrum fundum. Hér verður sett fram túlkun á niðurstöðum og greint frá þeim aðgerðum sem sem gripið verður til. Hafa ber í huga að þar sem fáir einstaklingar eru á bak við hvert prósentustig í litlum skóla eins og ML þá geta sveiflurnar verið meiri og ekki alltaf ástæða til að draga of stórar ályktanir.

#### Vímuefni

Forvarnarfundur var haldinn 11. mars 2021 með verkefnastjóra HeF, formanni sjálfsmatsnefndar, stjórnendum, vistarvörðum og fulltrúa foreldra til að ræða niðurstöður R&G og hvernig unnið er að málaflökknum í ML. Í upphafi fundar var þetta tekið fram: *Flest ungmennin eru í góðum gír. Margt er vel gert í ML.* Fundurinn var góður vettvangur til að fá yfirsýn og umræður um málaflökkinn. Til stendur að hafa svona fund fastan lið að vori.

Varðandi ölvun, neyslu á maríjúana, sterkum efnum og lyfseðilsskyldum efnum var þróunin í jákvæða átt og/eða samanburður ML við landið allt ekki til að valda sérstökum áhyggjum. Áfram verður þó unnið að almennum forvörnum, sem snúa m.a. að þessum þáttum. Forvarnarferð er fastur liður hjá nýnemum að hausti. Haustið 2020 var hann haldinn á Laugarvatni og það var ekki skyldumæting. Ákveðið hefur verið að nú verði aftur tekin upp skyldumæting.

Daglegar reykingar hafa snarminnkað í ML eins og á landinu öllu á síðustu árum. Sárafair stunda þær. Annars konar nikótínneysla hefur þó rutt sér rúms, eins og rafrettur, nikótínþúðar (lift) og þónokkrir neyta munn- og neftóbaks. Það er tvímælalaust ástæða til að halda sér á tánum varðandi vímuefnaforvarnir. Þá viljum við vinna samkvæmt [ráðleggingum Rannsókna og greiningar](#) og [„staðreyndablaðs“ landlæknis](#). Hræðsluáróður er ekki talinn árangursríkur og lögð er áhersla á verndandi þætt eins og góð tengsl heima fyrir, íþróttir og tómstundir. Niðurstaða fundarins var að sóknarfæri væri í því að vera með sýnilegan *fróðleik* (ekki hræðslu) í skólanum um nikótínþúða, munntóbak og rafrettur. Hengd verða upp plaköt og upplýsingar birtar á skólaskjánum.

Notast var við gátlista fyrir heilsuefandi framhaldsskóla til að meta stöðuna í ML og fá hugmyndir að aðgerðum. Þar er kallað eftir skýrri stefnu skólans og að hún sé unnin í samráði við nemendur, starfsfólk og foreldra. Verkefnastjóri HeF mun gera [forvarnarstefnuna](#) sýnilegri með því að senda öllum tölvupóst um hana að hausti. Stefnuna skal endurskoða árlega en það var síðast gert 2019. Úr því verður bætt í haust.

Í foreldrakönnuninni sem framkvæmd var í febrúar sögðust 44% foreldra mjög sammála því að þau væru ánægð með forvarnarstarf í skólanum, 33% frekar sammála og 22% hvorki sammála né ósammála. Fjórir nefndu forvarnar í opnu spurningunum, einn til að lýsa ánægju með þær en þrír til að kalla eftir meiri forvörnum.

## Félagslegir þættir

Niðurstöður varðandi félagslega þætti voru kynntir á kennarafundi 2. febrúar.


### Viðhorf og vandi í námi

Varðandi viðhorf og vanda í námi var fát sem þótti áhyggjuefni eða tilefni til sérstakra aðgerða. Samanburður við landið allt og fyrri könnun kom alla jafna vel út.

Sérstaklega var ánægjulegt að sjá þróunina hjá strákum í ML. Sem dæmi voru bara 3% þeirra sem sögðu það oft eða alltaf eiga við um sig að námið sé tilgangslaust (hlutfallið var 12% í ML 2018). Landsmeðaltalið er 13% og hækkaði um 3 prósentustig frá síðustu könnun. Á sama veg voru niðurstöður varðandi það að leggja rækt við námið, leiðast námið og líða illa í skólanum.




Reyndar er þróunin neikvæðari hjá stelpunum. Áhyggjuefni er að 36% stelpna í ML segja það oft eða alltaf eiga við um sig að leggja ekki nægjanlega rækt við námið. Langt yfir landsmeðaltalinu og síðustu könnun.




### 3 Ungt fólk - leggja rækt við námið

Þetta er vonandi tímabundin sveifla og ekki verður gripið til beinna aðgerða núna en vissulega ástæða til að staldra við og fylgjast með þróuninni.

### Líðan og heilsa



Mynd 30. Hlutfall nemenda á landinu í heild árin 2018 og 2020 sem segja að eftirfarandi staðhæfingar eigi oft eða alltaf við um þau



Mynd 31. Hlutfall nemenda í ML árin 2018 og 2020 sem segja að eftirfarandi staðhæfingar eigi oft eða alltaf við um þau.

### 4 Ungt fólk 2020 - líðan og heilsa



Gott væri að sjá hærri tölur fyrir ML í spurningum sem mæla líðan. Nemendur í ML hafa góðan aðgang að [sálfræðipjónustu](#), [námsráðgjafa](#) og [umsjónarkennurum](#) en tvennt er í farvatninu sem má vonast til að hafi einnig jákvæð áhrif á þessi atriði. Í fyrsta lagi munu kennarar samhæfa betur notkun á tímalínunni í Moodle og vera í meira samtali við nemendur, til að stuðla að því að verkefnaskil dreifist jafnar yfir önnina. Vera má að það dragi úr álagi á nemendur. Hitt er að unnið er að endurskoðun verklagsreglna og aukinni fræðslu í EKKO málaflokknum (einelti, kynbundin áreitni, kynferðisleg áreitni og ofbeldi). Það er ekki langsótt að telja að sjálfsmynd, líðan og tengsl velti oft á því hvernig samskiptin ganga.

## Svefn og koffínneysla

Þeir sem hafa lesið *Þess vegna sofum við* eftir Mathew Walker vita að svefninn er undirstaða alls. Því miður sjáum við að einungis 26% nemenda (23% stráka, 29% stelpna) í ML segjast ná að minnsta kosti átta tíma svefni á virkum dögum. Það er mun lakara en á landsvísu því þar eru 40% sem segjast ná 8 tíma svefni eða meira (tafla 5 í niðurstöðum frá R&G). Þess vegna verður gert fræðsluáttak í ML um mikilvægi svefns. Það verður útfært nánar í samráði við áfangastjóra og verkefnastjóra Hef (sem kennir hreyfingu og heilsu og lífsleikni).

Tafla 5. Hlutfall stráka og stelpna í ML og á landinu í heild árið 2020 eftir fjölda klukkustunda sem þau sofa á hverri nóttu á virkum dögum.


	Strákar		Stelpur	
	Allir (%)	ML (%)	Allir (%)	ML (%)
Meira en 9	2,1	-	2,2	2,2
Um 9 klst	7,2	2,6	7,5	3,2
Um 8 klst	30,8	20,5	29,5	23,7
Um 7 klst	34,4	53,8	34,2	36,6
Um 6 klst	16,6	12,8	17,4	18,3
Minna en 6 klst	8,9	10,3	9,3	16,1

### 5 Ungt fólk - svefn

Koffínneysla er eitt af því sem getur haft mikil áhrif á svefn. Um helmingur ungmenna drekka orkudrykk daglega, en þeir geta innihaldið mikið magn koffíns og hafa ef til vill meiri áhrif heldur en margur áttar sig á. Í október 2021 verður fræðslufyrirlestur um koffín- og orkudrykki fyrir alla nemendur í ML. Upplýsingar um svefn og koffín verða sendar á foreldra nemenda og fróðleikur hengdur upp á vegg skólans (eða birtur á skólaskjá).

## Hreyfing

Gott væri að sjá aukningu í hreyfingu stráka og stelpna í ML. Sjá má að nær þriðjungur stelpna í ML hreyfir sig nær aldrei kröftuglega. 81% stráka hreyfa sig einu sinni eða oftár (aðeins minna en allir, 85%) og 70% stelpna (hjá öllum stelpum er það 78%).



### 6 Ungt fólk - hreyfing

Þegar horft er til þess hversu margir hreyfa sig fjórum sinnum í viku eða oftár þá eru það þrisvar sinnum fleiri stelpur á landsvísu (31%) heldur en í ML (10%). Nær helmingur allra stráka (48%) hreyfa sig fjórum sinnum eða oftár í viku en í ML eru 27% stráka sem gerir það.

Ýmsir möguleikar eru fyrir nemendur sem vilja stunda íþróttir. Má þá nefna svokallaða ML-tíma sem kostaðir eru af skólanum og skipulagðir af íþróttiformönnum nemendafélagsins Mímis fjóra daga vikunnar. Það eru fjölbreyttir tímar sem allir nemendur geta sótt. Þá er til dæmis farið í fótbolta, badminton, skotbolta, zumba og bandý og allt þar á milli. Öflugt blakstarf er hjá Ungmennafélagi Laugdæla og nokkur dæmi eru um að nemendur í ML hafi stundað þær æfingar. Íþróttir eru í stundatöflu allra nemenda auk þess sem boðið er upp á vinsæla valáfanga í útivist. Þreksalurinn og sundlaugin eru í toppstandi, svo allir sem koma í ML ættu að geta fundið hreyfingu við hæfi.

Auknir möguleikar til íþróttaiðkunar verða í haust þegar körfuboltaæfingar fyrir 16 ára og eldri hefjast á ný á vegum UMFL (að hluta til í samstarfi við ML). Ákveðið hefur verið að taka aftur

upp þá hefð að fara í fjallgöngu að hausti. Stefnt er að því að ganga á Laugarvatnsfjall nú í september.

*„Íþróttastarf, heilsuefning og útvíst er veigamikill þáttur í skólastarfinu.“*

[Stefna skólans](#)

## Hjúkrunarfræðingur

36% nemenda í ML segjast hafa greiðan aðgang að hjúkrunarfræðingi í skólanum en það er aukning frá því í síðustu könnun R&G.

Fullyrðingar:	2018		2020	
	Skóli (%)	Heild (%)	Skóli (%)	Heild (%)
Ég hef greiðan aðgang að hjúkrunarfræðingi í skólanum	28	47	36	52

7 Ungt fólk - hjúkrunarfræðingur

Í umbótaáætlun hefur markið verið sett á að lágmark 50% nemenda segist hafa greiðan aðgang að hjúkrunarfræðingi. Í því skyni verða meira auglýstar þær leiðir sem nemendur geta farið (Heilsugæslan í Laugarási, símanúmer, húsfreyja og húsbóndi) með upplýsingum á heimasíðu ML og á skólaskjánum. Einnig er hafið samtal við heilsugæsluna um að hjúkrunarfræðingur komi inn í bekki í umsjón og/eða lífsleikni til að kynna þjónustuna.

## Covid

Gröf með niðurstöðum varðandi Covid-tengdar spurningar voru lögð á borðin í kaffistofunni svo kennarar gætu rýnt í þær. Ágætlega gekk að takast á við stöðuna í faraldrinum og betur eftir því sem á leið. Nemendur í ML tóku þetta þó meira nærri sér og lýstu meiri áhyggjum og vanlíðan en heildin. Þeirri hugsanlegu skýringu var velt upp að raskið og breytingarnar fyrir nemendur í heimavistarskóla hafi verið enn meira heldur en það var fyrir þau sem stunda alla jafna nám sitt úr foreldrahúsum. Að flytja aftur heim, vera fjarri vinunum og heimavistinni (sem má segja að sé í raun þeirra heimili á skólatíma) og félagslífinu er ansi mikill skellur.

## 4. Áfangamat haust 2020 og vor 2021

Áfangamat var lagt fyrir í kringum miðannarmatið, í umsjónartímum og svörun var góð. Niðurstöður kynntar á kennarafundi 23. mars 2021.

Matsþáttur/spurning	Haut 2019	Vor 2020	Haut 2020	Vor 2021
Gefðu áfanganum í heild sinni einkunn á skalanum 1-10	7,9	7,9	8,0	7,9
Gefðu kennslunni í áfanganum einkunn á skalanum 1-10	7,8	7,8	8,1	8,0
Gefðu námsefninu í áfanganum einkunn á skalanum 1-10	7,6	7,6	7,9	7,7
Gefðu námsmatsaðferðum í áfanganum einkunn á skalanum 1-10 þar sem 1 er slæm aðferð en 10 góð aðferð	7,8	7,7	8,0	7,9
Hvernig meturðu vinnuálagið í áfanganum með einkunn á skalanum 1-10 þar sem 1 er lítið álag 10 mikið álag	6,1	5,9	5,5	5,7
Leggðu mat á hvernig þér finnst þú standa þig í þessum áfanga á skalanum 1-10	7,8	7,8	7,8	7,8

### 8 Niðurstöður áfangamats haust 2019-vor 2021

Tölurnar ættu að vera til viðmiðunar og ef miklar sveiflur verða í einhverjum atriðum má rýna í orsakir og meta hvort ástæða er til að bregðast við. Það er athyglisvert að mat nemenda á vinnuálagi jókst ekki á Covid-tímum. Vorið 2021 er vinnuálag metið vera 5,7 að meðaltali en haustið 2019 (sem var fyrir Covid) var það 6,1.

Einungis skólameistari og kennarar sjálfir skoða niðurstöður fyrir hvern áfanga (auk áfangastjóra ef hún tekur starfsmannaviðtal við viðkomandi kennara). Varðandi opnar spurningar þá var það álit skólameistara eftir að hafa skannað yfir matið, að nemendur rökstyddu, kæmu með góðar ábendingar og orðuðu oft vel og fallega. Enda er farið fram á það í fyrirmælum í könnuninni sjálfri og umsjónarkennarar brýna þetta fyrir nemendum. Eins og segir í Handbók ML þá ættu kennarar að treysta á fagmennsku sína og leiða hjá sér ómálefnalega gagnrýni nemenda.

Á uppgjörsfundi umsjónarkennara í maí var rætt um að færa áfangamatið til loka annar. Kennarar myndu fá stuðning og hvatningu til að framkvæma sínar eigin óformlegu kennslukannanir á miðri önn en þetta miðlæga mat fær ekki fram fyrir en í lokin. Hugmyndin verður rædd á kennarafundi í upphafi haustannar og tekið fyrir á fyrsta fundi sjálfsmatsnefndar í september.

## 5. Foreldrakönnun vor 2021

Ef vel gengur styður fyrrnefnt áfangamat við fagþróun kennara og styður við aukin gæði kennslu. Það sama má segja um starfendarannsóknirnar sem kennarar taka flestir virkan þátt í. Hvernig sem í því liggur þá er að minnsta kosti ánægjulegt að sjá að foreldrar meta það í auknum mæli svo að gæði kennslu séu góð (í könnun sem var lögð fyrir 3.-17. febrúar 2021).

Kennslan í ML er:	2015		2021		Próun á milli kannana
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	
Góð	58	46%	81	64%	17%
Viðunandi	51	41%	31	24%	-16%
Slök	3	2%	1	1%	-2%
Veit ekki/vil ekki svara	13	10%	14	11%	1%
	125	100%	127	100%	

### 9 Foreldrar leggja mat á gæði kennslu 2015 og 2021

„Nám og kennsla eru í stöðugri þróun til að mæta nýjum áskorunum 21. aldarinnar. Til að standa vörð um gæði kennslu er lögð áhersla á samvinnu kennara, fagmennsku þeirra og starfsþróun.“

### [Stefna skólans](#)

Í opnu spurningunum tjáðu nokkrir foreldrar sig um matinn í mötuneytinu. Mikil ánægja er meðal starfsfólks með matinn og hugsanlegt að þetta sé að stórum hluta ímyndavandi. Í öllu falli verða aldrei allir, alltaf ánægðir með matinn í stóru mötuneyti. Auðvitað má alltaf gott bæta og til stendur að auka stefnumörkun og virkt samráð um mötuneytið.

Ég er ánægð/ur með matinn sem er borinn fram í mötuneytinu.		
	Fjöldi	Hlutfall
Mjög sammála	26	21%
Frekar sammála	48	38%
Hvorki sammála né ósammála	31	25%
Frekar ósammála	17	13%
Mjög ósammála	4	3%
<b>Samtals</b>	<b>126</b>	<b>100%</b>

### 10 Foreldrakönnun - maturinn í mötuneytinu

Sérstök skýrsla verður gefin út í haust með heildarniðurstöðum foreldrakönnunar og samanburði við síðustu könnun. Niðurstöður hafa verið lauslega rýndar af formanni sjálfsmatsnefndar og á verkefnastjórnarfundi með stjórnendum.

## 6. 3ja ára stúdentar og 5 ára stúdentar vor 2021

Eitt af markmiðum skólans er að undirbúa nemendur undir háskólanám og þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi. Hvernig skyldi fyrrverandi nemendum vegna fimm árum síðar? Og hvaða viðhorf hafa þau til Menntaskólans að Laugarvatni þegar þau horfa til baka? Í febrúar var lögð könnun fyrir 3ja ára stúdenta og í júní fyrir 5 ára stúdenta.


### 5 ára stúdentar vor 2021

Að venju var nafnlaus könnun var lögð fyrir 5 ára stúdenta (útskrifuð 2016). Hlekkur að könnuninni var sendur á fyrrum nemanda úr hópnum sem deildi honum í lokuðum facebook-hópi félaga sinna. Svör bárust frá 9.-18. júní 2021. 28 svör bárust, 44 voru í útskriftarhópnum, sem gerir 64% svarhlutfall. 14 svarenda útskrifuðust af náttúrufræðibraut og 14 af félagsvísindabraut.

Svarendur voru beðnir um að nefna eitt til tvö atriði sem þau teldu að mætti bæta í ML, bæði varðandi námið og lífið á staðnum, sem og tvö atriði sem þau teldu hafa verið best við dvölinna. Að venju hrósa margir félagslífinu og heimavistinni. Einnig persónulegri og góðri kennslu, gæðum náms og utanumhaldi. „*Krefjandi nám með mikið gildi*“ skrifar einn. Umhverfið, vinirnir, kennararnir, starfsfólkið, bekkjakerfið og smæðin; „*Mikið sjálfstraust sem hlaust af smæð skólans, maður var aldrei hrædd/ur við að bera sig eftir hlutunum því það hvarflaði aldrei að manni að svarið yrði nei. Það viðhorf hefur fylgt mér áfram og skilað mér langt.*“ Þetta er meðal þess sem liggur að baki þegar 92% svarenda segjast mjög ánægð með dvölinna í ML á heildina litið.

*Í ML ríkir jákvæður skólabragur sem einkennist af sanngirni og virðingu fyrir einstaklingnum og umhverfinu. Lýðræðislegir starfshættir eru viðhafðir og samskipti eru á persónulegum nótum. Vellíðan nemenda er lykilatriði í skóla sem jafnframt er heimili en nánast allir nemendur skólans búa á heimavistunum. Vistarlífið og bekkjakerfið skapa nánd og stuðla að alhliða þroska nemenda með því að efla siðferðisvitund, samkennd, ábyrgð, víðsýni og umburðarlyndi.*


[Stefna skólans](#)




11 5 ára stúdentar - dvölin í heild

Varðandi það sem mætti bæta þá komu m.a. fram ábendingar um að þörf væri á öflugra íþróttastarfi (skipulögðum æfingum), meira út fyrir kassann (nýsköpun, sköpun, gagnrýni, sjálfsíhugun). Einn kallar eftir meira frjálrsæði: „Reglurnar utan skóla (vistinni og félagslífinu) eru alltaf að verða strangari, með sama fari endar þetta á pari við grunnskóla og krakkarnir fá ekki að þroskast eðlilega.“ Sumt sem var nefnt þarna hefur tvímælalaust breyst til batnaðar síðan nemendur útskrifuðust 2016; bætt geðheilbrigðisþjónusta, meira úrval í mótuneytinu fyrir fólk með sérþarfir, meira símat, fleiri valáfangar, fjármálalæsi. Með þróun í lífsleikninni og tilkomu heimspeki sem skyldufags á báðum brautum erum við án efa á réttri leið varðandi þetta mikilvæga atriði: „Svo má vera mikið meira um t.d að kynna krökkum fyrir utanaðkomandi lærdómi, hvernig á að læra um peninga, sjálfan sig, náttúruna, ást, tilveruna og hvað ekki! Bara leggja meiri áherslu á sjálfseflingu.“

Stefna skólans er að námið í ML veiti góðan undirbúning fyrir frekara nám og atvinnulífið. Það er ánægjulegt að sjá að flestum fimm ára stúdentum þykir vel hafa tekist með það. Samtals 82% svarenda segja að dvölin í ML hafi undirbúið sig mjög eða frekar vel fyrir nám að loknu stúdentsprófi.



12 5 ára stúdentar - undirbúningur fyrir frekara nám




13 5 ára stúdentar - einkunnir



### 3ja ára stúdentar vor 2021

Skipulagður var vinnudagur um endurskoðun námskrár 26. janúar 2021. Í tengslum við þá vinnu var ákveðið að leggja könnun fyrir þriggja ára stúdenta og fá þeirra sjónarmið fram. Fjallað er um þær niðurstöður hér aftar en fyrst kemur samantekt á sömu spurningum og 5 ára stúdentarnir svöruðu.


28 svör bárust frá 3.-20. mars og svo bættist eitt við 19. apríl. Samtals 29 svör, 43 útskrifuð af þriggja ára námsbrautinni 2018 svo það gerir 67% svarhlutfall. 83% sögðust mjög ánægð með dvölinna í ML, á heildina litið, og 17% frekar ánægð.



14 3ja ára stúdentar - dvölin í heild

Svarendur voru beðnir að nefna eitt til tvö atriði sem hefðu verið best við dvölinna í ML. „Tengsl við kennara og starfsfólk skólans mjög gott og til fyrirmyndar. Gott viðmót kennara til þess að komast á móts við mismunandi þarfir nemenda í námi.“ var það sem stóð upp úr hjá einum. „Búa á heimavist var geggjað og lærdómsríkt. Lærði að hafa meira sjálfstæði í náminu, af því að ég hafði enga foreldra til þess að skipa mér að læra. Félagslífið þarna var geggjað.“ sagði annar. Nokkrir nefna heimavistina, umhverfið og fólkið. „Námið var virkilega krefjandi og skemmtilegt á sama tíma og var góður undirbúningur fyrir háskólanám að mínu mati.“ Upplifun fólks er þó mismunandi því þessi sagði „Námið endurspeglar ekki nógu vel nám í háskóla, mikil viðbrigði og enginn undirbúningur fyrir lokapróf t.d.“ Nokkrir kvarta yfir álagi, mikilli verkefnavinnu og styttingu námsins í þrjú ár.


**HVERNIG TELUR ÞÚ AÐ DVÖLIN Í ML, Í HEILD SINNI, HAFI UNDIRBÚIÐ ÞIG FYRIR NÁM AÐ LOKNU STÚDENTSPRÓFI?**



Útskrifuð 2018

15 3ja ára stúdentar - undirbúningur fyrir frekara nám

**EINKUNNIR Á STÚDENTSPRÓFI FRÁ ML GEFA RAUNHÆFA MYND AF NÁMSÁRANGRI NEMENDA.**



Útskrifuð 2018

16 3ja ára stúdentar - einkunnir

## Námsskrá – mat 3ja ára stúdenta

Fyrst var spurt um námsferilinn í 1. og 2. bekk sem er að mestu ákveðinn fyrir fram vegna bekkjakerfisins. Þegar svörin eru greind eftir brautum þá sést að þau sem útskrifuðust af félags- og hugvísindabraut eru síður líkleg til að vera mjög ánægð (15%) heldur en þau sem voru á náttúruvísindabraut (44%). Í heildina voru 83% mjög eða frekar ánægð með námsferilinn.

Námsferill í ML er að mestu ákveðinn fyrir fram í 1.- og 2. bekk. Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ertu með uppbygging námsbrautarinnar sem þú stundaðir?						
	Félagsfræðibraut		Náttúruvísindabraut		Báðar brautir	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Mjög ánægð/ur	2	15%	7	44%	9	31%
Frekar ánægð/ur	9	69%	6	38%	15	52%
Hvorki ánægð/ur né óánægð/ur	2	15%	2	13%	4	14%
Frekar óánægð/ur	0	0%	1	6%	1	3%
Mjög óánægð/ur	0	0%	0	0%	0	0%
<b>Samtals</b>	<b>13</b>	<b>100%</b>	<b>16</b>	<b>100%</b>	<b>29</b>	<b>100%</b>

### 17 3ja ára stúdentar - námsferill 1. og 2. bekkjar

Þá var spurt um valgreinarnar. Tveir fyrrum nemendur í F bekk sögðust frekar óánægðir (15%) og þrír úr N bekk hvorki ánægðir né óánægðir (19%). Í heildina voru 82% mjög eða frekar ánægð með valáfangana og ekki má merkja mikinn mun á milli brauta þar.

Úrval valgreina er í boði í ML, sérstaklega þegar komið er á þriðja námsárið. Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ert þú með það úrval valáfanga sem þér stóð til boða að taka í skólanum?						
	Félagsfræðibraut		Náttúruvísindabraut		Báðar brautir	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Mjög ánægð/ur	5	38%	5	31%	10	34%
Frekar ánægð/ur	6	46%	8	50%	14	48%
Hvorki ánægð/ur né óánægð/ur	0	0%	3	19%	3	10%
Frekar óánægð/ur	2	15%	0	0%	2	7%
Mjög óánægð/ur	0	0%	0	0%	0	0%
<b>Samtals</b>	<b>13</b>	<b>100%</b>	<b>16</b>	<b>100%</b>	<b>29</b>	<b>100%</b>

### 18 3ja ára stúdentar - valgreinar

Einnig var opin spurning um námsskrána: *Vinsamlegast skrifaðu um þínar hugmyndir eða ábendingar varðandi uppbyggingu námsbrauta og úrval valáfanga í skólanum. Þykir þér námið vel skipulagt eða sérðu einhver tækifæri til umbóta?* Skjal með þeim svörum hefur verið vistað á vinnusvæði á Teams og verður haft til hliðsjónar við áframhaldandi vinnu. Til stendur að ný skólanámsskrá hafi tekið gildi haustið 2022. Til að taka dæmi þá eru hér tvær gagnlegar ábendingar: „Mætti setja fleiri náttúrufræði áfanga á fyrsta árið á náttúrufræði braut svo maður gæti séð hvort þetta sé rétt braut.“ og „Ég var á félagsfræðibraut og fannst námið undirbúa mig vel fyrir viðskiptafræði nám, hefði hins vegar vilja fá tækifæri á fleiri stærðfræði einingum samhliða félagsfræðibrautinni.“

## 7. Umbótaáætlun vegna innra mats 2020-2021

Umbótaáætlun með umbótaþáttum, markmiðum, aðgerðum, tímaáætlun, ábyrgðaraðilum, áætlun um endurmat og viðmið um árangur hefur verið birt á heimasíðu skólans á síðu sjálfsmatsnefndarinnar. Hér verður látið nægja að lista upp aðgerðirnar en vísað í áætlunina sjálfa fyrir nánari upplýsingar: [Umbotaaaetlun v innra mats 2020-2021](#).

### Aðgerðir til umbóta

1. Álagsyfirlitið eftt [eða með öðru móti aukið samtal/yfirsýn yfir námsmat].
2. Verkferlar EKKO endurskoðaðir með ráðgjöf frá Hrefnu Hugosdóttur hjá Auðnast. Einnig gerð áætlun um fræðslu til starfsfólks og nemenda.
3. Formfesta EKKO fræðslu í áföngum og umsjónartímum.
4. Fræðslufyrirlestur um koffín.
5. Fróðleikur [um koffín og svefn] á skólaskjáið (eða á vegg).
6. Senda tölvupóst með fræðslufni til foreldra [um svefn og koffín].
7. Körfuboltaæfingar komist á fyrir ML-inga í samstarfi við UMFL.
8. Fjallganga.
9. Stefna sett í heilsueflingu.
10. Fá hjúkrunarfræðing til að koma inn í bekki í umsjón og/eða lífsleikni.
11. Auglýsa meira leiðirnar [varðandi hjúkrunarfræðing], m.a. með upplýsingum á heimasíðu ML og á skólaskjáið.
12. Skyldumæting á forvarnardaginn.
13. Endurskoða forvarnarstefnuna. Gera stefnuna sýnilegri með því að senda póst á nemendum, foreldra og starfsfólk. Velja áherslur hverju sinni.
14. Hengja upp plaköt [með fræðslu um vímuefni].
15. Festa fundi um vímuefnamál.
16. Fræðsla um notkun nikótínþúða.
17. Fastir mötuneytisfundir.
18. Stefna sett fyrir mötuneytið.
19. Gátlisti HEF fyrir mötuneyti fylltur út.
20. Halda betur á lofti kostum mötuneytisins.
21. Endurskoðun námskrár m.a. með hliðsjón af ábendingum frá útskrifuðum nemendum.